



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

### **Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um samkomulag er lýtur að öryggismyndavélum í borginni:**

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 13. apríl 2023, fór fram umræða um samkomulag um öryggismyndavélar í miðborg Reykjavíkur sem er dagsett 24. mars 2023.

Á fundinum var samþykkt að vísa samkomulaginu til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar sbr. eftirfarandi bókun sem gerð var á fundinum:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð kallar eftir umsögn frá Mannréttindaskrifstofu borgarinnar um hvort nýtt samkomulag um öryggismyndavélar í Reykjavíkurborg sé í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Jafnframt kallar ráðið eftir umsögn frá persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar um hvort samkomulagið sé í samræmi við persónuverndarlöggjöf. Óskar ráðið eftir að umsagnir þessar verði tilbúnar til framlagningar og kynningar í ráðinu eigi síðar en 31. maí n.k.

Í bókun meirihlutans í borgarráði 9. mars 2023 þegar samkomulagið er lagt fram segir m.a.:

Það er mikilvægt að skýrar reglur gildi um varðveislu upptaka og aðgang að þeim og að það sé samkvæmt verklagi sem tryggir persónuverndarsjónarmið og einstaklingsfrelsi í ljósi þess að notkun þeirra er í vissum aðstæðum óhjákvæmileg.

#### **Samkomulagið:**

Samkomulagið sem um ræðir, dags. 24. mars 2023, er gert á milli Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf.

Í stuttu máli þá greiðir Reykjavíkurborg fyrir öryggismyndavélarnar, hugbúnað þeirra og uppfærslu hans.

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu ber kostnað af móttöku efnis úr vélunum. Hefur aðgang að myndefninu og annast vöktun á því og tekur ákvörðun um aðgang annarra neyðaraðila að myndefni að upptökum og í rauntíma.

Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á vörslu og eyðingu á upptökum.

Neyðarlínan ber ábyrgð á og kostnað af öllum samskiptum og samningum við eigendur fasteigna vegna uppsetninga á myndavélum, ber kostnað af uppsetningu og viðhaldi öryggismyndavélna og ábyrgð á flutningi, stofnkostnaði og rekstri efnis frá myndavélunum í endabúnað lögreglunnar.

Fram kemur í samkomulaginu að markmiðið og forgangsröðunin sé annars vegar að þetta núverandi öryggismyndavélakerfi í miðborginni og hins vegar stækkun á núverandi kerfi í tengslum við stækkun miðborgarinnar síðustu ár og í tengt þeirri stækkun miðborgarinnar sem framundan er.

Einnig kemur fram að ávallt skuli miðað við að öryggismyndavélakerfinu og/eða einstökum öryggismyndavélum sé eingöngu ætlað að þjóna þörfum lögreglu og annarra neyðaraðila og



fer notkun kerfisins og aðgangur að gögnum úr því samkvæmt reglum lögreglu og Persónuverndar.

### **Aðgangur að gögnum:**

Samkvæmt samkomulaginu hefur lögreglan ein aðgang að gögnunum og annast vöktun á myndefninu.

Ríkislögreglustjóri annast vörslu og eftir atvikum eyðingu á gögnum úr myndavélunum.

### **Staðsetning myndavéla:**

Fram kemur í samkomulaginu að lögreglan ákveður staðsetningu myndavélanna og gerð á hverjum stað í samráði við Reykjavíkurborg og Neyðarlínuna.

### **Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:**

Hér í umsögninni er fjallað um þætti sem lúta að vinnslu, söfnun og varðveislu persónuupplýsinga samkvæmt samkomulaginu, þ.e. það hlutverk sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóri hafa. Einnig er fjallað um staðsetningu myndavéla. Umfjöllunin tekur mið af mannréttindastefnunni og þeim stöðum sem hún byggir á eins og lagt var upp með í bókun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Þar sem samkomulaginu var einnig vísað til umsagnar persónuverndarfulltrúa er í þessari umsögn ekki fjallað um samkomulagið í ljósi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90 frá 2018 eða persónuverndarreglugerðar.

### **Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Kafli 11 um öryggi.**

Kafli 11 í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar fjallar um öryggi. Í honum segi að allir borgarþátttakendur skulu geta ferðast um borgarlandið án þess að öryggi þeirra sé ógnað. Einnig segir að Reykjavíkurborg vinni að því að tryggja að umhverfi borgarinnar sé sem öruggast og hefur sérstaklega í huga hópa sem eru í meiri hættu en aðrir að verða fyrir kerfisbundnu ofbeldi.

Öryggismyndavélar geta í einhverjum tilvikum aukið öryggi borgarþátttakenda þ.e. ef þær fæla fólk frá því að brjóta af sér og ef fylgst er með þeim í rauntíma þá gætu þær orðið til þess að hægt sé að koma í veg ítrekuð brot. Í öðrum tilvikum auka þær á öryggistilfinningu fólks, þ.e. fólk líður öruggara af því að það veit af myndavélunum.

Markmiðið með uppsetningu myndavélanna hlýtur að vera aukið öryggi og ætti þá ákvörðun um það hvar þær eru settar upp að byggja á tölfræði um það hvar ofbeldi á sér helst stað og athugunum á upplifun fólks um öryggi. Þegar horft er til öryggistilfinningar er samt mikilvægt að hafa í huga að upplifun eins hóps er ekki endilega sú sama og annars hóps og því þarf stundum að hafa ólík sjónarmið í huga þegar ákvarðanir um staðsetningar myndavéla eru teknar.

### **Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Kafli 8 um trúarbrögð, lífs-, stjórnmalaskoðanir og trúleysi.**

Í áttunda kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar um trúarbrögð, lífs-, stjórnmalaskoðanir og trúleysi kemur fram að óheimilt er að mismuna fólk vegna trúar-, lífs- og stjórnmalaskoðana eða trúleysis. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til trúarbragða, lífs- og stjórnmalaskoðana eða trúleysis. Varast ber að líta svo á að allir sem aðhyllast tilgreind trúarbrögð, lífs- eða stjórnmalaskoðun eða eru trúlausir séu eins.



Öryggismyndavélar geta skapað óöryggi hjá fólki sérstaklega þeim sem eru t.d. að nýta stjórnarskrárvarinn rétt sinn til þess að mótmæla. Leiðin til að þess að gæta að öryggi allra hópa er að rýna vel allar staðsetningar öryggismyndavéla. Vélar sem eru staðsettar þar sem mótmæli fara iðulega fram eru til þess fallnar að valda óöryggi hjá hópi mótmælanda og jafnvel halda einhverjum frá mótmælum sem þá skerðir frelsi þeirra. Þannig er það ekki sjálfgefið að öryggismyndavélar auki öryggisvitund allra. Það er mikilvægt að með myndavélum sé ekki ætlunin að skrá hver mæta t.d. á mótmælafundi heldur mögulega að koma í veg fyrir glæpi og/eða upplýsa um glæpi sem hafa átt sér stað.

Staður þar sem mótmæli fara iðulega fram er ekki endilega staður þar sem almenningi finnst öryggi sínu ógnað. Þegar tekin er ákvörðun um að setja upp myndavélar þarf að fara yfir þessa þætti og gæta þess að taka ákvarðanir út frá gögnum, þ.e. tölfræði um afbrot og upplýsingum um það hvar fólk upplifir sig óöruggt.

### Verklagsreglur

Það er mat mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að samkomulagið um öryggismyndavélar samræmist mannréttindastefnunni en einungis ef að vel útfærðar og nákvæmar verklagsreglur fylgja því. Það þarf að vera ljóst hvernig ákvarðanir eru teknar um staðsetningar, hvernig gögn eru notuð og hver hefur aðgang að þeim. Óljóst verklag í þessu sambandi er til þess fallið að auka óöryggi borgarbúa og vinna gegn frelsi þeirra til að tjá sig.

Þar sem m.a. þarf að koma fram í verklagsreglum er eftirtalið:

- ✓ Hversu lengi eru gögnin aðgengileg hjá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, þ.e. hvenær ber að flytja þau í vistun hjá Ríkislögreglustjóra.
- ✓ Hversu lengi gögn eru vistuð hjá Ríkislögreglustjóra, reglur um eyðingu gagna.
- ✓ Hvers konar myndavélar eru leyfilegt að nota – hvað þær greina.
- ✓ Hvernig er vöktun í rauntíma háttáð.
- ✓ Hver innan lögreglunnar hafa aðgang að gögnum í rauntíma og þar sem þau eru vistuð, þ.e. bæði hjá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóra. Mikilvægt að mögulegt sé að sjá hver skoðar gögn svo dæmi sé tekið.
- ✓ Hvernig þess er gætt að utan að komandi geti ekki brotist inn í/nálgast efni úr myndavélunum.
- ✓ Hvernig ákvarðanir um staðsetningu eru teknar. Hver eru viðmiðin sem eru notuð í ákvarðanatökunni.
- ✓ Hvernig er öryggi tryggt við flutning gagna.
- ✓ Hvaða viðmið á að nota í tengslum við uppfærslu á hugbúnaði.
- ✓ Hverjir eru aðrir neyðaraðilar sem hafa aðgang að upptökum og í rauntíma sbr. samkomulag.
- ✓ Hvernig er brugðist við ef að í ljós kemur einhver misbrestur á notkun myndavélanna/efnis úr þeim.
- ✓ Hvernig þess sé gætt að persónuverndarsjónarmiða sé gætt.

Virðingarfyllt,  
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*